

Fréttabréf Dropans

Mars. 2008

1. tbl. 12. árg

Unglingar við förum til Svíþjóðar í siglingu og skemmtiferð.

Unglingar 14 ára til 18 ára (1990-1994) lesið þetta !!

Við ætlum til Svíþjóðar þar sem við munum fara nokkra daga á skólaskip og sigla um í fallegu umhverfi og sléttum sjó. Við erum hásetar um borð og hjálpum þar til og skemmtum okkur. Fariðverðu í Tívoli í Lisberg og gert margt skemmtilegt. Ragnar er áhugamaður um verslunarferðir og stýrir þeim. Stefnt er á að fara þann 1. júní og koma heim 8.júní. Verður staðfest og nánari áætlun send út eftir páska.

Þið getið skoðað heimasíðuna hjá fyrirtækinu sem við ætlum að sigla með.

<http://www.ffi.nu/>

Skráið ykkur sem fyrst, það er hámarksfjöldi sem kemst í ferðina. Það eru aðeins 21 pláss og ef fleiri skrá sig, mun Ragnar, ásamt stjórn velja þá sem fara.

Skráningar hjá Þórunni Árnadóttur, s:421-3746, thorunn@fle.airport.is

Dagskráin verður auglýst í næsta fréttablaði.

Þátttökugjald er 30.000 kr og munu Samtök sykursjúkra borga niður ½ gjaldið þegar sótt er um styrk til þeirra.

Sumarbúðir – 2008 skráning er hafin fyrir 8 – 13 ára.

Sumarið 2008 verða sumarbúðir að Löngumýri í Skagafirði 8. -13. júní fyrir 8 – 13 ára, fædd 1995 – 2000. Frá og með útgáfu þessa blaðs hefst umsóknarferlið. Búast má við mikilli aðsókn og gæti svo farið að ekki komist allir að. Því þurfa þeir sem hafa áhuga á þátttöku að sækja um sem fyrst. Umsóknin þarf að innihalda nafn barns, kennitölu, heimilisfang, nafn móður eða föður, símanúmer og netfang ef það er til staðar. Við stefnum að því að hleypa öllum að, en húsnæðið setur okkur skorður. Þið eruð hér með hvött til að sækja um hið fyrsta.

Skráningar hjá Þórunni Árnadóttur, s:421-3746, thorunn@fle.airport.is

Þátttökugjald í sumarbúðunum er 20.000 kr. og niðurgreiða Samtök sykursjúkra um 1/2, Hátúni 10B, 105 Reykjavík þátttökugjaldið eftir á til einstaklinga gegn framvísun staðgreiðslukvittunar.

Heimilisföng eða netföng

Við sendum fréttabréfið út bæði á netföng og heimilispóst. Gott væri ef þið fáið ekki annað hvort, að þið senduð á okkur rétt netfang eða heimilisfang.

Styrkir

Nú er verið að vinna í að fjármagna sumarbúðirnar sumarið 2008. Við hvetjum ykkur til að leggja okkur lið og ganga á ykkar fyrirtæki og kunningja til að styrkja frábært málefni.

Styrkur vegna líkamsræktar. Hækkun á styrkupp hæð

Við styrkjum unglinga fædda 1988-1993 til aukinnar líkamsræktar fyrir árið 2007. Styrkurinn verður 7500 kr. á hvern ungling á ári. Skrifa þarf stutta umsókn þar sem fram koma upplýsingar um viðkomandi umsækjanda, kennitölu, reikningsnúmer og afrit skal senda af reikningi vegna kostnaðar við líkamsræktina. Þetta mætti kalla lið í forvarnarstarfi, en hreyfing er börnunum okkar jafnvel nauðsynlegri en öðrum. Sent til halfdan@setbergsskoli.is eða FSBU pósth. 513 222 Hafnarfirði